

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 8 menn, þar af 7 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

## 2. gr.

Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.

## 3. gr.

4. málsg. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 80 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

## 4. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¼%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

## 5. gr.

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðherra getur þó ákveðið herra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá hlutaðeigandi greiðsluskylda sveitarfélags skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn, þegar er lög þessi hafa verið samþykkt, og fellur umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður, þegar lögin öðlast gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1972.*

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Logi Einarsson.

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*